

Gullin í grenndinni

Vorhátíð 3. júní 2014.

Þann 3. júní 2014 var haldin vorhátíð á vegum þróunarverkefnisins „Gullin í grenndinni“. En þátttakendur eru tveir elstu árgangar leikskólans Álfheima og 1.2. og 6. bekkur Vallaskóla eða um 190 nemendur.

Þátttakendur hittust fyrir framan leikskólann Álfheima. Gengið var í skrúðgöngu í Vinaskóg þar sem nemendum var skipt niður á átta fjölbreyttar stöðvar. Nestistöð þar sem steiktar voru lummur yfir opnum eldi, á myndlistarstöðinni, var teiknað og málað með mold og rauðrófusafa. Vísindastöð þar sem nemendur fundu fjölbreytt dýralíf. Einnig var tónlistarstöð, þrautabraut, þrífótarhlaup, hringjakast og frjáls leikur.

Veðrið lék við þátttakendur og voru allir ánægðir að degi loknum bæði nemendur og kennarar.



Hringjakast



Vísindastöðin



Útiöldun, lummur og safi



Þessi nemandi bjó til kotta úr neti, grasi og fíflum.

